


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 6. mars 2019 | 9. tbl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI



Í fararbroddi fyrir Hafnirðinga í áratugi



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Litla Gæludýrabúðin
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Ánægja Hafnirðinga dalar

84% telja Hafnarfjörð góðan stað til að búa á

420 Hafnirðingar svöruðu könnun Gallup sem náði til 19 stærstu sveitarfélaga landsins en heildarúrtakið var 9861.

Ánægja Hafnirðinga með ýmsa þjónustu í bænum er almennt minni en í hinum sveitarfélögum í heild og lækkar á nær öllum sviðum á milli ára. Marktak lækkun er á 6 þáttum af 13, þáttum er snúa að aðstöðu til íþróttaiðkunar, þjónustu með leikskóla sveitarfélagsins, gæðum umhverfis í nágrenni við heimili íbúa, menningarmálum, skipulagsmálum og ánægju með sveitarfélagið sem stað til að búa á. Ráðgjafafyrirtækið Capacent, hefur að undanförnu unnið að

stjórnsýsluúttekt fyrir Hafnarfjarðarbæ þar sem meginmarkmiðið er að leita leiða til að bæta þjónustu sveitarfélagsins og gera hana skilvirkari.

Þegar fólk er spurt hvað helst þurfi að bæta er það ekki endilega í samræmi við óánægjuna

því flestir telja að bæta þurfi samgöngumál, endurvinnslu/sorphirðu, þjónustu við eldri borgara og umhverfismál. T.d. eru 33% óánægðir með skipulagsmál en aðeins 10% telja að þau þurfi að bæta og aðeins 2% telja að bæta þurfi menntamál.



Lýman: Guðni Gíslason

Lang stærstur hluti íbúa telja Hafnarfjörð góðan bæ að búa í.



TÖLVUÞJÓNUSTA

Alhliða tækniþjónusta fyrir þitt fyrirtæki

546 6000

Firði, Fjarðargötu 13-15

Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN
Dalshrauni 5
Opíð kl. 8-17 virka daga

Jon Arnluss
KÖKULIST
Treystu mér fyrir veislunni!
www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

Nytjamarkaður

50% afsláttur af bókum, skóm og fatnaði í mars

ABC barnahjálpar Dalshrauni 13

Opíð alla virka daga kl. 12-18 og laugardaga kl. 12-16

Komið og gerið góð kaup og styrkið gott málefni í leiðinni.



Allur ágóði markaðarins rennur til styrktar ABC barnahjálpar sem styður fátæk börn til náms í Afríku og Asíu.

Nytjamarkaðurinn

www.facebook.com/nyttjamarkadur.hfj

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 10. mars

Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðistaðakirkju syngur.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og fræðandi dagskrá.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is



leiðarinn

Uppland Hafnarfjarðar er dýrmæt en vannýtt perla. Gríðarlegir möguleikar felast í vistvænni útivist, bæði íbúa og annarra í víðfemu upplandi Hafnarfjarðar. Þó er Hafnarfjörður ekki eyland en

á land að Garðabæ, Grindavík, Vogum og Kópavogi enda nær lögsagnarumdæmi að Þríhnúkum og skíðasvæðinu í Bláfjöllum í austri og að Grindavík í suðri auk Krýsvíkur að sjó umlukt landi Grindavíkur og að Vogum í suðvestri. Mjög stór hluti landsins telst skógi vaxinn og minjar um mannvistir eru víða. Hraunið er bæði gamalt og nýtt, það nýjasta hefur runnið á sögulegum tíma eftir landnám. Nú þegar er landið víða nýtt til útivistar, sumir stígar eru merktir en ekkert skipulagt viðhald er á þeim merkingum eða tryggt að fótspor forfeðranna glattist ekki. Seldalurinn og Kjóadalurinn eru framtíðar útivistarsvæði sem gefur mikla möguleika og hugsu þarf stórt þegar næstu skref eru stigin í stígagerð og landnotkun.

Verðmætin felast ekki eingöngu í sölu til ferðamanna heldur einnig og miklu fremur í lífsgæðum sem felast í útiveru íbúanna og tengsl við náttúruna. Þó fjölmörg tækifæri felast í ferðaþjónustu í upplandinu þá á uppbyggingin að vera á forsendum íbúanna enda sækja ferðamenn í að upplifa það sem fyrir er í hverju landi en ekki að upplifa það sem búið er til sérstaklega fyrir þá.

Það vekur nokkra athygli að einungis 66% Hafnirfóring eru ánægðir með gæði umhverfisins í nágrenni við heimili sitt og 17% eru óánægðir skv. könnun Gallup á þjónustu sveitarfélaganna. Konur eru almennt ánægðari en litill munur er eftir aldri þeirra sem svara. Þá eru þeir marktækt ánægðari sem búa í pósnúmeri 220 sem einnig er athyglisvert því þeir sem búa í hverfum sem tilheyra pósnúmeri 221 eru nálægt mörgum útivistarperlum, Stekkjarhrauni, Lækjarbotnum, Ásfjalli, Ástjörn og fleiri fallegum stöðum.

Vel getur verið að svarendur hugsu um sitt allra nánasta umhverfi en ekki það sem er aðeins lengra frá og hugsu til leikvalla, göngustíga og annað innan hverfis. Þess mun heldur er mikilvægt að kynna vel glæsilegt uppland okkar og verja það ágangi sem getur skemmt það, þ.m.t. lúpinnunni sem alls staðar veður yfir og gerir landið einsleitt. Gaman væri ef settur væri af stað spurningavagn um þekkingu og nýtingu bæjarbúa á upplandinu!

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚB • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is



Fríkirkjan í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 10. mars

Sunnudagaskóli kl. 11

Guðspjónusta kl. 13

Basar

Basar Kvenfélagsins hefst í safnaðarheimilinu að lokinni Guðspjónustu.

Fjölmönnum og styrkjum gott málefni eftir góða stund í kirkjunni.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Free Icelandic Course

Ástjarnar-Church in Hafnarfjörður offers a free course in Icelandic twice a week this winter.

Classes will be on Tuesdays and Thursdays at 9:30-11:00 The course starts on 12th of March.

Place: Ástjarnarkirkja, Kirkjuvellir 1, Hafnarfjörður.
Registering: kjartan.jonsson@kirkjan.is. Ástjarnarkirkja í Hafnarfirði býður upp á ókeypis íslenskunámskeið fyrir útlendinga, nýbúa og flóttamenn. Kennit verður á þriðjudögum og fimmtudögum kl.9:30-11:00. Námskeiðið hefst þriðjudaginn 12. mars í Ástjarnarkirkju, Kirkjuvöllum 1. Skráning: kjartan.jonsson@kirkjan.is.

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 10. mars

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

porvaldur Karl Helgason messar.

Fjölbreytt dagskrá í sunnudagaskólanum fyrir börn á öllum aldri.

Morgunmessa miðvikudaga kl. 8.15

TTT starf (10-12 ára) fimmtudaga kl. 17

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 10. mars

Fjölskyldu- guðspjónusta kl. 11

Þriðjudagur 12. mars kl. 9.30-11

Íslenskunámskeið fyrir útlendinga hefst



www.astjarnarkirkja.is

Vorverkin á Akureyri

Það var vorlegt um að litast í miðbæ Akureyrar í síðustu viku þó enn væri skíðaá í Hlíðarfjalli og Öxnadalshéiðin minnti á veturinn sl. sunnudag.



Húsnæði Hafrannsóknarstofnunar rís

Áætlað að stofnunin flytji inn í október - 6 mánuðum á eftir upprunalegum áformum

Vinna er nú hafin við uppsetningu á húseiningum í húsnæði sem Hafrannsóknarstofnun mun flytja í við Fornubúðir.

Er þetta fyrsta hús sinnar tegundar sem rís í Hafnarfirði en burðarvirki hússins er úr krosslímdu tré, sem í raun er ekkert annað en gríðarlega þykkur krossviður. Hefur þessi byggingaraðferð notið aukinna vinsælda enda er byggingarhraðinn mikill og einingarnar léttar sem auðveldar allt burðarvirki.

Að sögn Jóns Rúnars Halldórssonar hjá Fornubúðum eignarhaldsfélagi er reiknað með að Hafrannsóknarstofnun flytji í húsnæðið í október n.k. en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að stofnunin flytti inn í maí nk. Tafði verkið að breyta þurfti aðal- og deiliskipulagi sem tók sinn lögformlega tíma.



Hér má sjá tengibygginguna komna í rétta hæð og byrjað er á 1. hæðinni.



Svona mun byggingin líta út í haust, fullkláruð.

Einingarnar koma tilniðnar og innpakkaðar einingar bíða uppsetningar

Einingarnar koma frá Austurríki og vinna sérhæfðir starfsmenn við uppsetningu þeirra. Fyrsta skóflustungan var tekin 15. mars í fyrra en húsnæði Hafrannsóknarstofnunar verður 4.080 m² skrifstofu- og rann-

sóknarrými, tengt 1.400 m² eldri byggingu sem í verður geymsla, verkstæði og útgerðaraðstaða.

Batterið arkitektar hönnuðu bygginguna.



Húsin verða sterkt kennileiti á hafnarsvæðinu.

Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg þjónusta

Inger Steinsson

ATHÖFN ÚTFARARÞJÓNUSTA - s: 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is

Fyrsta Skiptið

★★★★★

“Fyndnasta sýningin á höfuðborgarsvæðinu”
SH Morgunblaðið

Lokasýningar

Miðvikudagur 6. mars	Uppselt
fimmtudagur 7. mars	
fimmtudagur 14. mars	Uppselt
föstudagur 15. mars	
föstudagur 22. mars	
laugardagur 23. mars	Uppselt

tix.is

gaflara
LEIKUSÍÐ
HAFNARFJÖRÐUR

Þessir fengu menningarstyrki

Rúmum 6 milljónum kr. úthlutað í 22 verkefni. Sönghátíð í Hafnarborg fær hæsta styrkinn

22 verkefni hljóta styrk menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar að þessu sinni, samtals 6 millj. kr. Þetta eru einstaklingar, menningarhópar og samtök sem eiga öll það sammerkt að tengjast Hafnarfirði.

Styrkir nefndarinnar eru afhentir tvisvar sinnum á ári til aðila og verkefna sem líkleg eru til að auðga og dýpka enn frekar listalíf bæjarins. Formleg afhending styrkjanna fer fram 24. apríl næstkomandi um leið og tilkynnt verður um val á bæjarlistamanni ársins.

Menningarviðburðir, listamenn, félagsamtök eða stofnanir sem sækja um styrk verða að tengjast Hafnarfirði með einhverjum hætti. Hér telur t.a.m. föst búseta, að viðburður/verkefni fari fram í Hafnarfirði og/eða að verkefni feli í sér kynningu á menningarstarfsemi Hafnarfjarðar. Heildarupphæð styrkja í þessari úthlutun er 6.080.000 kr. en samtals verður úthlutað 11 milljónum kr. á árinu.

Að þessu sinni leggur menningar- og ferðamálanefnd til að gerðir veðri samstarfssamningar til þriggja ára við

ÞAU FENGU ÚTHLUTAÐ:

Nafn verkefnis
Sönghátíð í Hafnarborg*
Heima - tónlistarhátíð
Lúðrasveit Hafnarfjarðar - tónleikar á árinu 2019*
Sveinssafn - sýningarstarfsemi
Kóramót Gaflarakórsins í Hafnarfirði
Adagio - verk Bachs fyrir orgel og selló
BYR - tónleikar
Vortónleikar Kvennakórs Hafnarfjarðar
Tónlistarferðalag Barbörúkörsins
Hafniröringurinn - Hlaðvarp
Vortónleikar hjá Kvennakórnum Rósir
Flensborgarkórinn ásamt Hallveigu Rúnarsdóttur
Einleikur - Requiem
Fjölmenningshátíð í Norðurbæ Hafnarfjarðar
Er völlum grær
Konudagstónleikar karlakórsins Þrasta
Vortónleikar karlakórsins Þrasta
Tónleikar sönghópsins IMPRU í Hafnarborg
Vegan Festival 2019
Sumardjass víða um Hafnarfjarðarbæ
Maíhátíð 2019
Einleikstónleikar - Klarinettan í brennidepli

Upphæð
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir 800.000 kr.
Henný María Frímansdóttir 700.000 kr.
Finnbogi Óskarsson 600.000 kr.
Erlundur Sveinsson 500.000 kr.
Félag eldri borgara í Hafnarfirði 350.000 kr.
Guðmundur Sigurðsson 300.000 kr.
Stefán Örn Gunnlaugsson 260.000 kr.
Hulda Björnsdóttir 250.000 kr.
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson 250.000 kr.
Tryggvi Rafnsson 245.000 kr.
Guðrún Anna Magnúsdóttir 210.000 kr.
Svanhvít Erla Traustadóttir 210.000 kr.
Eyrún Ósk Jónsdóttir 210.000 kr.
Gyða Kristmannsdóttir 200.000 kr.
Ólafur B. Ólafsson 190.000 kr.
Þórður H. Hilmarsson 140.000 kr.
Þórður H. Hilmarsson 140.000 kr.
Ásbjörg Jónsdóttir 140.000 kr.
Benjamín Sigurgeirsson 140.000 kr.
Ragnar Már Jónsson 100.000 kr.
Christian Schultze 75.000 kr.
Helga Björg Arnardóttir 70.000 kr.

Ath. að nafn umsækjanda getur verið tengiliður þess sem sækir um.

** merkir að lagt er til að gerður verði 3 ára samningur við viðkomandi.*

tvo aðila, Sönghátíð í Hafnarfirði og Lúðrasveit Hafnarfjarðar. Þeir samningar verða lagðir fyrir bæjarráð til samþykktar.

Auglýst verður eftir umsóknum fyrir síðari úthlutun ársins 2019 í ágúst.

Auglýsingar
sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is



Ljóm.: Guðni Gleason

FJARÐARBÓN
KAPLAHRAUNI

Alprif Bryngljái
Tímapantanir í síma
5653232
KAPLAHAUNI 22

Lið Víðistaðaskóla sigraði í Veistu svarið?

Úrslitín í Veistu svarið? spurningakeppni grunnskólanna réðust í Bæjarbíói sl. miðvikudag þegar Víðistaðaskóli sigraði Setbergsskóla með 22 stigum gegn 20 í æsispennandi viðureign sem endaði í bráðabana.

Í undanúrslitum hafði Setbergsskóli sigrað Öldutúnsskóla og Víðistaðaskóli sigrað Áslandsskóla og mættust því lið Setbergsskóla og Víðistaðaskóla í úrslitum.

Sigurlið Víðistaðaskóla skipaðu þau Anna Lilja Dögg Gunnarsdóttir, Egill Magnússon og Guðmundur Pétur Dungal Nielsson en hjálfari þeirra Pétur Hrafn Friðriksson.

Lið Setbergsskóla var skipað þeim Hákonni Daða Gunnarsyni, Kristey Valgeirsdóttur og Sigríði Soffíu Jónasdóttur.

Árni Stefán Guðjónsson var spurningahöfundur og dómari keppinnar.



Skólarnir lögðu mikinn metnað í undirbúning keppenda og skilaði það sér í spennandi og skemmtilegri keppni.

Sýningum á „Fyrsta skiptinu“ að ljúka

Uppselt á lokasýninguna 25. mars

Sýningum lýkur 25. mars á ungmennasýningunni Fyrsta skiptinu sem hefur verið sýnd í Gaflaraleikhúsinu við fádæma vinsældir síðan í október.

Á föstudaginn verður 30. sýningin á verkinu og yfir 5.000 gestir hafa komið á sýninguna sem hefur hlotið einróma lof áhorfenda og gagnrýnenda.

Besta gagnrýnin, að sögn Lárusar Vilhjálmssonar leikhússtjóra, kom frá

móður sem fór með unglíngana sína tvo á sýninguna. „Þegar við komum út í bíl og keyrðum heim þá gátum við talað svo auðveldlega um allt þetta sem er svo vandræðalegt og hush, hush og grenjað úr hlátri í leiðinni“.

Lokasýning verksins verður 25. mars og er þegar orðið uppselt á hana. Miðar eru þó enn lausir á aðrar sýningar sem hægt er að kaupa á tix.is



Ljóm.: Guðni Gleason

Fjordvik flutt á brott í siglandi flotkví

Skipið enn fullt af sementi og verður rífið niður í Belgíu

Það var nokkur eftirvænting á Hvaleyrarbakka þegar færa átti flutningaskipið Fjordvik í siglandi flotkvína Rolldock Sea sl. miðvikudag.

Fjordvik strandaði við Helgúvík og var dæmt ónýtt en gert var við það í flotkví Orms og Víglundar svo það læki ekki. Hins vegar vildi tryggingarfélag skipsins ekki tryggja það ef það væri dregið yfir hafid og því var Rolldock Sea fengið til verksins.

Nokkurn tíma tók að sökkva flotkvínni niður og þá var Fjordvik rólega en örugglega dregið inn í kvína og komið fyrir út í annarri hlið kvíarinnar. Því næst var sjó dælt úr tönkum þess og mátti ekki miklu muna þar sem farið var að fjara út. Rolldock Sea var svo lokað og Fjordvik rækilega



Fjordvik komið með skutinn inn í Rolldock Sea.

festi við kvína svo það hreyfðist ekki á leiðinni.

Þrjár hafnsögubátar komu að verkinu, báðir hafnsögubátar Hafnarfjarðarhafnar, Þróttur og Þór auk þess sem Magni frá Reykjavík aðstoðaði.



Margur er knár þó hann sé smár. Þróttur, minnsti lóðsbáturinn hélt í við Fjordvík á meðan það var dregið inn í Rolldock Sea.



Lúðvík Geirsson hafnarstjóri og Harldur P. Ólason í Furu fylgdust náði með.



Rolldock Sea tók létilega eitt flutningaskip um borð.

Kvennasveit FH setti Íslandsmet

ÍR varð bikarmeistari í frjálsum íþróttum innanhúss en FH vann kvennakeppnina


Bikarkeppni Frjálsíþróttasambandsins innanhúss var haldin í Kaplakríka á sunnudag. Var keppni hörð og fór svo að ÍR sigraði með 112 stig en FH varð í öðru með 108 stig.

Kvennasveit FH sigraði í 4×200 metra boðhlaupi á nýju Íslandsmeti félagsliða. Sveitin samanstóð af Maríu Rún Gunnlaugsdóttur, Dórotheu Jóhannesdóttur, Melkorku Rán Hafliðadóttur og Þórdísi Evu Steinsdóttur. Þær komu í mark á 1:38,29 mínútum.

María Rún setti einnig mótismet í 60 m grindarhlaupi, 8,67 sek. en María Rún náði þremur gullverðlaunum.



Melkorka Rán, Þórdís Eva, Dórothea og María Rún settu Íslandsmet félagsliða.



Sigri fagnað.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

Hafnarfjarðarbær

892 milljón kr. lán tekið til 36 ára

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum sl. fimtugadag að leggja til við bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar að taka 396,3 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með lokagjaldsdaga þann 5. nóvember 2055. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu hjúkrunarheimilis á Sólvangi en íslenska ríkið leigir síðan húsnæðið af Hafnarfjarðarbær.

495,4 MILLJ. KR. LÁN TIL ÍBÚÐAKAUPA

Þá samþykkti bæjarráð að leggja til við bæjarstjórn að Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar, sem er í fullri eigu bæjarins, taki 495,4 millj. kr. lán, með lokagjaldsdaga 5. nóvember 2055, hjá Lánasjóði sveitarfélaga, til fjármögnunar á íbúðakaupum Húsnæðisskrifstofu.

Með þessari samþykkt er verið að taka 891,6 lán til 36 ára. Uppgreiðsla lánanna er aðeins heimill 2035 og 2045 og þá með uppgreiðsluálagi. Eru lánin tekin með 2,5% föstum vöxtum og er lánið verðtryggt.

Lánasjóðurinn gefur út skuldabréf og endurlánar Hafnarfjarðarbæ þá fjármuni sem aflað er með útgáfunni og getur ávöxtunarkrafa bréfanna að vera önnur en vaxtaupphæðin og er á ábyrgð lántakanda.

facebook

www.facebook.com/fjardarfrettir

Smelltu á LÍKAR VIÐ

**Hafnarfjarðarhöfn, tækifæri framtíðarinnar**

Hafnarfjarðarhöfn er samofin sögu okkar Hafnirföðinga og er og mun verða mikilvæg um ókomna tíð. Hafnarfjörður hefur á undanförmum árum blómstrað, söguna, eins og Íshúsið og Drafnar-slippinn og þar sem unnið er að því að skapa jákvætt og þægilegt andrúmsloft með opnum svæðum og fjölbreyttum atvinnutækifærum. Íbúðabygging er fyrirhuguð austast á svæðinu eða milli Óseyrar- og Hvaleyrarbrautar.



Kristín María Toroddsen

IDANDI MANNLÍF OG BLÓMLEG ATVINNUSTARFSEMI

Með því að tengja saman hafnarsvæðið og miðbæ Hafnarfjarðar með strandstígnum er í raun verið að stækka miðbæinn og efla hann til muna. Blómleg atvinnustarfsemi á hafnarsvæðinu styður við atvinnustarfsemi í miðbænum og öfugt sem hvoru tveggja gerir Hafnarfjörð að spennandi valkosti.

Við upphaf hönnunarinnar á svæðinu var lagt upp með mikið og gott samtal við íbúa. Þeir sem komið hafa að vinnunni hafa haft það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum í Hafnarfirði og finna leið til að veita almenningi betra aðgengi og tengingu við svæðið. Tækifæri til útivistar á hafnarsvæðinu eru fjölmörg hvort sem það er fyrir unga eða aldna en til þess þarf að bæta aðgengi sem og afþreyingarmöguleika.

Í maí munu loka drög að ramma-skipulaginu liggja fyrir og spennandi verður að sjá í framhaldi og í framtíðinni hafnarsvæðið okkar fyllast af mannlífi og nýjum tækifærum með fjölbreyttri verslun og þjónustu í bland við glæsilega íbúabyggingu.

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður hafnarstjórnar og stýrir samráðsnefnd um uppbyggingu á Flensborgar- og Óseyrarsvæði.

Lífsgæðasetrið í St. Jó

Í byggingu St. Jó hefur verið unnið að því hörðum höndum að koma Lífsgæðasetrinu sem þar mun vera til húsa í fulla starfsemi. Og er það vel enda um spennandi starfsemi að ræða sem er í takt við áherslur Heilsuþéttarinnar Hafnarfjarðar.

VIÐAUKI VIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN TIL AÐ MÆTA KOSTNAÐI

Aðeins tæplega tveimur mánuðum frá því að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar var borinn upp til samþykktar viðauki við fjárhagsáætlun upp á 79 milljónir króna. Er um ræða tilfærslu frá öðrum lið í fjárhagsáætluninni sem er hluti af því sem Hafnarfjarðarbær þarf að greiða vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar sem er að hefjast. Er þetta gert með þá von í huga að þau útgjöld komi ekki til fyrir en á árinu 2020. Við sjáum hvað setur með það.

FJÁRHAGSÁÆTLUN ER STEFNUYFIRLÝSING MEIRIHLUTA HVERJU SINNI

Mér finnst það skjóta skökku við að meirihlutinn sem lagt hefur mikla

áherslu á að koma lífi aftur í húskakynni St. Jó skuli ekki hafa ætlað meira fjármagn en þær 8 milljónir sem áætlaðar voru í fjárhagsáætlun 2019 í verkefnið. Það ber ekki vott um stefnufestu í málinu hvað þá framsýni eða góða áætlunargerð meirihlutans þar sem öllum hlýtur að hafa verið ljóst að hærri upphæð þyrfti til að koma hluta af eigninni í nothæft ástand svo starfsemi gæti hafist í húsnæðinu.

ÁÆTLAÐUR HEILDAR-KOSTNAÐUR VIÐ ENDUR-BÆTUR HÆKKAR UM 100%

Nú liggur fyrir að mat á heildarkostnaði við endurbætur á St. Jó er rúmar 449 milljónir króna og fer því rétt rúmlega 100% fram úr því mati á kostnaði við endurbætur sem birtist í frummati Strendings frá 27. mars 2017 en það var rúmar 223 milljónir króna.

Ég geri mér grein fyrir að um frummat var að ræða og ljóst yrði að það kæmi til einhverjar hækkunar. En ég velti fyrir mér, þar sem um verulegar

fjárhæðir er að ræða, hvort ekki hefði þurft að fara í ítarlegri greiningu á framkvæmdaþörf til að koma húsnæðinu í viðunandi horf þegar ráðist var í að kaupa húsið af ríkinu á sínum tíma. Nú er ljóst að kaupverð og kostnaður við endurbætur á húsnæðinu fara í það minnsta í 600 milljónir króna.



Friðbjófur Helgi Karlsson

EKKI ÖLL KURL KOMIN TIL GRAFAR?

Ég hef áhyggjur af því hvað endurbætur á St. Jó munu kosta bæjarfélagið á endanum.

Ég er á engan hátt að gera þetta tortryggilegt. En áhyggjur mínar beinast að því að enn eigi eftir að koma til ófyrirséður kostnaður sem á eftir að leggjast ofan á þá upphæð sem nú er lögð fram sem heildarkostnaður við endurbætur. Við verðum að vanda okkur á öllum sviðum framkvæmdarinnar í framhaldi til að tryggja það eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að þær áhyggjur mínar verði að veruleika.

Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Strandstígurinn

Ekki er hægt að sjá að Strandstígurinn heiti í raun Strandstígur og kannski tími til kominn að hann fái formlega nafngjöf enda einn vinsælasti stígur Hafnarfjarðar.



Auka á umferðaröryggi á Flatahrauni á móts við Krónuna

Ekki á að setja gangbrautarmerkingar á „gönguþverun“

Skipulags- og byggingarráð hefur um nokkurt skeið haft til meðferðar endurbætur á Flatahrauni á móts við Krónuna en töluverð hætta skapaðist eftir að þar var opnuð stór verslun án þess að nokkuð væri gert til að taka við aukinni umferð. Vinstri beygja er nú bönnuð þegar komið er af bílastæði


Krónunar og sömuleiðis þegar komið er austur Flatahraun í átt að Fjarðarhrauni. Þeir sem ætla í Krónuna þurfa þá að fara auka hring um hringtorgið.

Það vekur athygli að þó gera eigi gönguþverun, sem í raun er ekkert annað en annað orð yfir gangbraut,

kemur fram í skipulagstillögunni að ekki eigi að merkja gönguþverunina sem gangbraut.

Akstur að og frá lögreglustöðinni breytist, akstursstefnu breytt og útaf-akstur verður um lóð Krónunnar.

Eiga breytingarnar að auka öryggi og bæta umferðarflæði.



Deiliskipulagstillagan sem tekin verður til afgreiðslu í bæjarstjórn í dag.

Tónlistarskólinn verður með 5 atriði í Nótunni

Efnilegir nemendur Tónlistarskólans flytja atriði á svæðistónleikum Nótunnar

Valtónfundur fyrir Nótuna – uppskeruhátíð tónlistarskóla var haldinn sl. fimmtudag. 13 atriði voru flutt á tónfundinum og voru 5 atriði valin til þess að vera framlag Tónlistarskóla Hafnarfjarðar á svæðistónleikum Nótunnar sem haldnir verða laugardaginn 16. mars í Salnum í Kópavogi.

Þau sem komust áfram eru: **Dúett:** Sóley Anna Arnarsdóttir og Valgerður Bára Baldvinsdóttir á gítar með lagið

Milonga eftir T. Tisserand, **Kvintett:** Bjargar Jón Sigþórsson og Bjarki Þór Ólafsson á gítar, Dagur Máni Vikarsson og Steinunn Björg Agnarsdóttir á altblokkflautu og Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir á óbó með lögin Á sólríkum degi eftir Giovanni Gastoldi og Komum og spílum eftir Malchior Franck. **Einleiksverk:** Ásdís Birta Guðnadóttir klarinett með frumsamið einleiksverk sem heitir Merluzzo, **Trío:** Guðrún

Herdís Arnarsdóttir og Ingunn Káradóttir á þverflautu og Steinar Ari Kristmundsson á píanó með verkið Rondo op. 25 eftir Franz Doppler og að lokum **Sinfónihljómaveit** Tónlistarskóla Hafnarfjarðar með lagið Mambo úr West Side Story eftir L. Bernstein.



Þau komust áfram með kvintett sinn.

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

8. mars. kl. 20.15, Laugardalshöll
FH - ÍR, undanúrslit bikarkeppni karla
 12. mars kl. 19.30, Digranes
 HK - Haukar, úrvaldsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:
 Valur U - FH: 25-30
 KA/Þór - Haukar: 23-24

ÚRSLIT KARLA:
 Haukar U - ÍBV U: 31-27
 Selfoss - FH: 26-23
 Stjarnan - Haukar: 28-29
 FH U - ÍR U: 33-29

KÖRFUBOLTI:

6. mars. kl. 19.15, Hlíðarendi
 Valur - Haukar, úrv.d. kvenna

7. mars kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Grindavík, úrv.deild karla

9. mars. kl. 16.30, Ásvellir
Haukar - Breiðablik, úrv.d.kvenna

10. mars kl. 18, Þorlákshöfn
 Þór Þ. - Haukar, úrv.d. karla

ÚRSLIT KVENNA:
 Valur - Haukar: (þriðjudag)
 KR - Haukar: 72-75

ÚRSLIT KARLA:
 Keflavík - Haukar: 80-65

KNATTSPYRNA:

7. mars kl. 19, Ásvellir
Haukar - FH, bikarkeppni karla A

8. mars kl. 19, Fylkisvöllur
 Fylkir - FH, bikarkeppni kvenna B

8. mars kl. 21, Seltjarnarnes
 Gróttá - FH, bikarkeppni karla A

11. mars kl. 19, Egilshöll
 ÍR - Haukar, bikarkeppni kvenna C

11. mars kl. 18, Ásvellir
Haukar - Breiðablik, bikark. karla A

sport@fjardarfrettir.is

Aðalkeppni Nótunnar fer síðan fram í Hofi á Akureyri 6. apríl.
 Sjá nánar um Nótuna á ki.is/notan

fritt söluverðmat | sanngjörn sölubóknun | fagljosmyndari

domus
 FASTEIGNASALA

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársell Steinmóðsson
 löggiltur fasteignasali
 as@domus.is | gsm 896 6076



Domus fasteignasala – Firði, verslunarmiðstöð, 5. hæð (norðurturn)
 220 Hafnarfjörður – sími 440 6013 – www.domus.is



Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Gullnámán

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Víðistaðaskóli

Engir farsímar í skóla

Frá 25. febrúar sl hefur verið óheimilt að nota farsíma á skólatíma nemenda í 1.-10. bekk í Víðistaðaskóla.

Ekki má nota síma fyrir fyrstu kennslustund dagsins, í frímínútum, hádegishléi, á leið í eða úr íþróttum, í kennslustundum, eftir síðustu kennslustund og í frístundaheimilinu.

Ef nemendur koma með farsíma í skólann eiga þeir hvorki að sjást né heyrast í þeim. Það á að vera slökkt á þeim og þeir ofan í tösku eða í læstum skáp nemenda unglingadeildar.

Ef foreldrar þurfa að ná sambandi við börnin sín á skólatíma á að gera það í gegnum skrifstofu skólans.

Foreldrar barna í frístundaheimili hafa samband við frístundaheimilið ef það þarf að koma skilaboðum til barnanna.

Nemendur hafa aðgang að snjalltækjum í skólanum á skólatíma og eiga því ekki að nota eigin snjalltæki í skólanum. Nemendur á öllum stigum hafa tækifæri til að nota spjaldtölvur í námi. Er breytingin talin vera til hagsbóta fyrir nemendur og skólustarfið.

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnarfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Níðsterk samskeytalaus gólf- og veggefni

Epoxy gólfefni á lagerhúsnæði, bílskúra, vaskahúsgólf og sturtubotna
Steinteppi á íbúðarhúsnæði, skrifstofur og verslanir

Áratuga
reynsla!

EPOXY FLEX

GÓLFFLAGNIR

Brekkutröð 3, Hafnarfirði | sími 565 5300 | www.epoxyflex.is | epoxyflex@epoxyflex.is

Glæsilegt
kvöldverðarhlaðborð
aðeins 3.990 kr.

上海 酒店



SHANGHAI

Reykjavíkurvegi 74, sími 517 9688
sjanghae.is | facebook.com/sjanghae



ÚTSALA

ÚTSALA

28. febrúar - 9. mars

20-70% afsláttur

Frábært úrval af vönduðum útivistarfatnaði frá **Arc'teryx**,
Kühl, **Löffler**, **Marmot**, **Smartwool** og **Scarpa** skóm,
ásamt því sem eftir er af skíðabúnaði frá **Völkl**, **Marker**,
Dalbello, **Smith**, **Julbo** o.fl.

EKKI MISSA AF ÞESSARI ÚTSÖLU!

Afgreiðslutími:	mán.-fös.	laugard.
Reykjavíkurvegur 64	12-18	12-16
Kringlan 7	10-18	10-16
Laugavegur 11	10-18	10-17

Marmot

SCARPA

Smartwool

PETZL

ARC'TERYX

Löffler

Julbo

SMITH

BH

Black Diamond

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

